


# Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

6. tbl. • Júní 2001



## Góð stjórnun bætir afkomu verktakans

*Allt mælir með gæðastjórnun í mannvirkjagerð og byggingariðnaði*

Mannvirkja- og byggingariðnaður á Íslandi skapar eina af hverjum tíu krónum sem þjóðin hefur í tekjur og leggur til eitt af hverjum tíu störfum í landinu. Stærstu einstöku verkkaupar eru ríkisstofnanir og sveitarfélög en

einnig skipta rúmlega 20 þúsund heimili um eigendur á hverju ári og á landinu öllu eru um 110 þúsund íbúðar- og atvinnuhúsnæði sem þarfnast viðhalds og viðgerða með reglubundnu millibili.

*framb. bls. 4*

## Efnisyfirlit

Til of mikils mælst? 2  
*Ritstjórnargrein*

Evra án ESB aðildar? 2-3  
*Þorsteinn Þorgeirsson  
hagfræðingur SI*



Matartíminn 8-9

Viðtal við Ingvar Kristinsson 10  
*framkv.stj. GoPro Landsteina*

# Til of mikils mælst?



Það er heldur dauft hljóðið í atvinnurekendum þessa dagana og það á ekki eingöngu við um iðnaðinn. Ástæðan er sú að þeir eiga í mesta basli með reksturinn. Mjög margir voru með taprekstur í fyrra. Ástæðan er fyrst og fremst sú að í fyrra rak hver vaxtahækkunin aðra í þeim yfirlýsta tilgangi að sporna við verðbólgu og þenslu en með þeim afleiðingum að gengi krónunnar styrktist talsvert fram eftir árinu. Allir vita hvað það þýðir fyrir samkeppnisgreinar að greiða þrefalda vexti á við keppinautana á sama tíma og innflutt vara og þjónusta lækkar í verði, hvort sem sú lækkan nær að skila sér alla leið til neytenda eða ekki.

## ÚR ÖSKUNNI Í ELDINN

Fyrirtækin brugðust mörg hver við gífurlegum innlendum vaxtahækkunum með því að skipta yfir í erlend lán með mun lægri vöxtum. Gengislækkun ísl. krónunnar í árslok hafði afar slæm áhrif á þau fyrirtæki a.m.k. til skamms tíma lítið. Sama þróun hefur síðan haldið áfram og gengið mun lengra en nokkurn óraði fyrir.

Tapreksturinn heldur áfram og enn sjást engin merki um að „brælan á gjaldeyrismarkaðinum“ sé að ganga yfir. Menn sitja sem sé eftir með gengistapið, þrefalda innlenda vexti og verðbólgu sem er meiri en sést hefur hér á landi um langt árabíl. Batnandi samkeppnisstaða í framtíðinni vegna gengislækkunar krónunnar er að sönnu ljóstýra í myrkrinu en nýjustu tölur um launaþróun benda til þess að þeim bata hafi þegar verið ráðstafað fyrirfram.

## HVAÐ VILL IÐNAÐURINN?

Samkeppnisgreinarar þola illa vaxta- og gengishækkunir. Gengisfellingar og verðbólga eru síst betri. Þeir, sem ekki skilja þetta, furða sig á að atvinnulífið viti bara ekkert hvað það vill. Hvað eru þessir menn alltaf að kveina? Vita þeir ekkert hvað þeir vilja? Það virðist seint ætla að skiljast að atvinnulífið þarf stöðugleika.

## SVEIFLURNAR BRJÓTA NIÐUR

Það er erfitt að byggja upp iðnað ef maður býr í harmonikku, þar sem samdráttur og þensla skiptist á, var haft eftir merkum hagfræðingi fyrir nokkrum árum. Það er svo miklu fljótlegra að rífa niður en að byggja upp. Þetta hefur ekkert breyst. Þess vegna er alger samstaða í iðnaðinum um það að koma sér í skjól frá þessum óþolandi sveiflum. Það, sem menn sjá nærtækast, er að biðja um evru í stað íslensku krónunnar. Við gefum ekkert fyrir rökin um sjálfstæða peningastjórn og sjáum raunar ekki í hverju sú stjórn er fólgin þessa dagana. Við viljum stöðugleika, lægri vexti og möguleika á erlendri fjárfestingu. Er það óhófleg heimtufrekja?

*Sveinn Hannesson*

# Evra án ESB

Nýleg reynsla okkar af efnahagsstjórn byggðri á krónunni — sem hefur fært okkur hrikalegt gengisfall, stighækkandi verðbólgu og launaþróun sem er gersamlega úr tengslum við vöxt framleiðinnar — hefur tekið af allan vafa um að upptaka evrunnar á Íslandi er þjóðþrifamál. Í grein undirritaðs í Mbl. 17. maí sl. er reifuð löng raunasaga krónunnar og þau sterku efnahagslegu rök sem mæla með því að Íslendingar losi sig við krónuna og taki upp evruna. Í því samhengi má geta þess að einhliða eða tvíhliða tenging krónunnar við evruna, eða upptaka dollarsins, hefur ekki verið talinn heppilegur kostur vegna stofnanalegra og annarra vankanta.

Umræðan um upptöku evrunnar hefur hins vegar lengi snúist um að slíkt krefjist aðildar að ESB. Í þessari grein er þeirri spurningu velt upp hvort önnur leið en ESB aðild sé fær til að Íslendingar geti tekið upp evruna.

## ESB AÐILD BESTA LEIÐIN

### TIL AÐ TAKA UPP EVRU

Vissulega er aðild að ESB æskilegasta umhverfið fyrir upptöku evrunnar. Þar ættum við rödd við mótnu hinnar sameiginlegu peningastefnu. Með sjálfkrafa samstarfi um greiðslu- og fjármálakerfið innan ramma evrópska bankakerfisins (European System of Central Banks) yrði hin stofnanalega umgjörð farsælust. Að auki hefði Ísland, sem fullgildur ESB aðili, aðgang að sameiginlegum sjóðum sambandsins ef sú staða kæmi upp að vextir væru hækkadír vegna þenslu á meginlandinu meðan við sigldum inn í krappa lægð. Þá kæmi sér vel að eiga vól á slíkrri sveiflujöfnun.

## ÞÖRF Á AÐ FLÝTA UPPTÖKU EVRUNNAR

Það er ljóst að með því að halda í krónuna öllu lengur er rekstrargrundvelli íslenskra fyrirtækja og um leið lífskjörum í landinu teft í tvísýnu. Biðin hefur þegar orðið okkur til tjóns í þessu þjóðhagslega mikilvæga máli. Því þarf að hefja sem fyrst markvissa úttekt á hugsanlegum leiðum að þessu markmiði. Þótt skoðanakannanir sýni að meirihluti þjóðarinnar sé fylgjandi ESB aðild og upptöku evrunnar, hafa veigamiklir aðilar lagst gegn ESB aðild.



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR  
06. tbl. Júní 2001  
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 15.6. 2001  
Prentvinnsla: Prentækni hf.  
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.  
Ljósmyndir: Ýmsir

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík  
Sími: 511 5555, fax: 511 5566  
Kennitala 511093-2019  
www.si.is, e-mail:thora@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson  
Efnisstjórar: Þóra Ólafsdóttir og Þóra Kristín Jónsdóttir sem er jafnframt málfráðunautur.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

# aðildar?

Þeir telja hagsmunum í sjávarútvegi betur borgið með innlendra veiðistjórn. Ekkert er hlustað á sjónarmið annarra greina þótt hlutdeild sjávarútvegs sé nú komin niður fyrir 40% af heildarútlutningstekjum þjóðarinnar. Þeir telja einnig að fullveldi þjóðarinnar sé betur varðveitt innan ramma núverandi Evrópusamstarfs (EES og Schengen). Ef ekki næst fljótlega sátt um ESB aðild er hugsanlega hægt að flýta upptöku evrunnar með því að sækja um slíkt á grundvelli tvíhliða samnings sem byggist á núverandi Evrópusamstarfi.



## STOFNANALEGUR GRUNDVÖLLUR FYRIR TVÍHLIÐA EVRUSAMNING

Færa má rök fyrir því að nú séu til staðar nægar stofnanalegar forsendur fyrir því að sækja um upptöku evrunnar án beinnar ESB aðildar. Sá grundvöllur, sem Ísland hefur að byggja á í þessu máli, er aðild þjóðarinnar að EES og Schengen samningunum. Að auki hefur Mónakó, sem sjálfstætt ríki utan ESB, verið veitt heimild til að taka upp evruna. Þótt sú aðild hafi verið tekin fram í stofnsáttmála ESB, Maastricht sáttmálanum, gæti það hugsanlega haft fordæmisgildi ef Norðmenn og Íslendingar sækja um aðild að evrusamstarfinu.

## EES SAMNINGURINN EKKI LENGUR HÁÐUR ÞRÓUN

Sérfræðingar í alþjóðalögum líta svo á að ekki sé raunhæft að sækja um upptöku evrunnar á grundvelli EES samningsins þótt slíkt væri í fullu samræmi við hann. Ástæðan er sú að þótt EES samningurinn sé lifandi hvað varðar þau atriðið sem hann tekur til (svo lengi sem fyrir því er pólitískur vilji) er stofnanaþáttur hans ekki lengur álitinn lifandi eða þróun háður. Jafnvel þótt samningurinn hafi formála (preamble), sem venjulega tákna að alþjóðlegur samningur sé lifandi, er hann það í raun ekki þar eð valdið á bak við hann hefur færst frá upphaflegum viðsemjanda EFTA ríkjanna, Framkvæmdastjórn ESB, og yfir til ráðherraráðsins og Evrópuþingsins. Þetta hefur orðið til þess að frekari þróun á stofnanaþætti EES samningsins hefur lagst af.

## ÞRÓUN EVRÓPUSAMSTARFS HELDUR ÁFRAM EN UTAN EES SAMNINGSINS

Þróun samstarfs EFTA-EES og ESB ríkjanna hefur haldið áfram utan EES samningsins. Ísland og Noregur hafa gert veigamikinn samning við ESB um rétt fólks innan EES svæðisins til að ferðast um svæðið án vegabréfaskoðunar. Það sem meira er um vert er að Schengen samningurinn er í fullu samræmi við ákvæði og anda EES laganna um frjálst flæði vinnuafls um svæðið. Þannig tryggir Schengen samningurinn að virkni hins innri markaðar er eins og best verður á kosið hvað flæði vinnuafls varðar. Schengen samstarfið gengur jafnframt mun lengra en EES samningurinn frá stofnanalegu sjónarhorni, með því að veita EFTA-EES ríkjunum rétt til að sitja reglulega fundi fastafulltrúaráðs ESB (COREPER) og taka þannig beinan þátt í mótun samstarfsins.

## TVÍHLIÐA EVRU SAMNINGUR YRÐI Í TAKT VIÐ SCHENGEN SAMNINGINN

Íslendingar gætu því hafið viðræður við ESB um að taka upp evruna á grundvelli þessa fordæmis. Þannig myndi sameiginleg mynt efla virkni hins innri markaðar hvað varðar fjórfrelsið - flæði vöru, þjónustu, vinnuafls og fjármagns innan EES svæðisins. Um leið myndi evran bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja sem tilvist krónunnar hefur skekk mikið. Upptaka evrunnar yrði í fullu samræmi við anda EES samningsins sem leggur ríka áherslu á að samkeppnisstyrki séu jöfn innan svæðisins. Þannig væri hægt að sækja fundi ESB varðandi mótun peningastefnunnar þótt flestar ákvarðanirnar yrðu teknar áður en Ísland (og Noregur) sætu fundina.

## UPPTAKA EVRUNNAR Í MÓNAKO HEFUR FORDÆMISGILDI

Þá má einnig leiða rök að því að samningurinn um upptöku evrunnar í Mónakó hafi fordæmisgildi þar sem Mónakó, eins og Ísland, er sjálfstætt ríki utan ESB. Mónakó hefur verið í tollabandalagi við Frakka síðan 1865 og myntbandalagi síðan 1925. Þar af leiðandi er ekki hægt að útiloka þáttöku Mónakó frá evrusamstarfinu þegar Frakkar taka hana upp. Af þessum sökum var tekið fram í Maastricht sáttmálanum að Mónakó, Vatíkanið og San Marínó fengju sameiginlegan gjaldmiðil ESB um leið og ESB þjóðríkin sem umlykja þau. Þrátt fyrir sértækar sögulegar

forsendur þessarar ákvörðunar gefur það ákveðið fordæmi fyrir því að sjálfstætt ríki taki upp evruna í samvinnu við ESB. Mónakó fær meira að segja að slá evru-mynt með mynd af Rainer fursta sem verður gjaldgeng um gervallt evrusvæðið. Með upptöku evrunnar á Íslandi ætti að vera hægt að slá evru-mynt þrýdda Jóni Sigurðssyni eða öðrum fræknum Íslendingum.

## SAMSTARF VIÐ NORÐMENN HUGSANLEGT

Ef sú leið er farin, er best að sækja um upptöku evrunnar í samfloti við Norðmenn. Vegna olíu- og fiskveiðihagsmuna sinna hafa Norðmenn tvisvar hafnað aðild að ESB í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þrátt fyrir það hafa norsk stjórnvöld borið upp erindi á efstu valdstigum um samstarf Noregs og ESB varðandi tengingu norsku krónunnar við evruna til að öðlast þann stöðugleika sem mun fylgja evrunni. Norðmenn eiga reyndar fullt eins mikið undir viðskiptum við ESB ríkin og Íslendingar. ESB hefur hins vegar ekki viljað ljá máls á beinni tengingu vegna stofnanalegra vandkvæða. Hugsanlega eru Norðmenn því reiðubúnir að ganga til samstarfs við Íslendinga um að taka upp evruna á grundvelli tvíhliða samnings.

## TÍMASETNINGIN GÓÐ

Tímasetningin gæti vart verið betri nú þegar upptaka evrunnar hefur nýlega fengið byr undir báða vængi í Svíþjóð og Bretlandi sem eru þegar í ESB. Breski íhaldsflokkurinn gerði „þjórgum breska pundin“ að meginstefnu sinni í nýafstöðnum þingkosningum í Bretlandi. Afhróð flokksins í nýafstöðnum kosningum hefur gefið breska Verkamannaflokknum enn sterkara umboð til að taka upp evruna að gefnu samþykki þjóðinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Raddir um upptöku evrunnar hafa einnig gerst háværari í Svíþjóð eftir nýlegt hrun sænsku krónunnar á gjaldeyrismörkuðum.

Það er löngu orðið tímabært að íslensk stjórnvöld leiti allra leiða til að taka upp evruna. Ef ESB aðild er ekki tímabær þarf að skoða aðra hugsanlega kosti. Ef ESB ríkin ljá máls á því ber að leita eftir tvíhliða evru samningi sem síðan má leggja í dóm þjóðarinnar. Það er því ekki hægt að útiloka upptöku evrunnar á Íslandi án ESB aðildar. Vilji er allt sem þarf til að kanna hvað er mögulegt í stöðunni.

*Dorsteinn Þorgeirsson, hagfræðingur SI*

## Góð stjórnun bætir afkomu verktakans... (frh.)

### MAGNIÐ SKIPTIR EKKI MÁLI

Tími þeirra, sem ekki innleiða gæðastjórnun í rekstri sínum, er að renna út. Ný kynslóð þjónustufyrirtækja í þessum greinum er að koma fram í sviðsljósið og þau eiga það sameiginlegt að hafa innleitt gæðakerfi og gæðavitund meðal starfsmanna sinna til að bregðast við auknum kröfum verkkaupenda. Fyrir vikið fá þessi fyrirtæki stöðugt fleiri verkefni sem hvert um sig skilar góðum hagnaði.

### GÆÐI BESTA AUGLÝSINGIN

Gæðastjórnun er góð auglýsing bæði fyrir verkkaupa og verktaka. Aukin gæðavitund starfsmanna fyrirtækisins og betri nýting tíma og hráefnis eykur ánægju viðskiptavinarins og viðskiptatækiferum fjölgar. Mistökum fækkar og óhagræði minnkar sem leiðir af sér betri framlegð og meiri afköst, án fjölgunar vinnustunda. Af gæðastjórnun leiðir að starfsfólk og stjórnendur fá meiri tíma til að sinna starfi og leik, yfirvinnan minnkar, frítíminn lengist og lífsgæðin aukast. Starfsfólk verður ánægðara, það skapast meira vinnuöryggi, aukin hæfni og gott orðspor fyrir viðkomandi.


### GÓÐUR ÁRANGUR GÆÐAKERFIS SI

Síðastliðin fimm ár hafa SI beitt sér fyrir þróun gæðakerfis fyrir verktaka og framleiðendur í mannvirkjagerð og byggingariðnaði með góðum árangri. Það hefur nú verið í notkun víða og er m.a. orðið viðurkennt sem fullnægjandi kerfi í útboðum flestra ríkisstofnana og sveitarfélaga.

Gæðakerfi SI er sniðið að þörfum hvers fyrirtækis. Það er einfalt í notkun og leiðbeinir starfsfólki og stjórnendum, hvort sem er á byggingarstað eða í verksmiðjunni, við að halda utan um þau fjölmörgu mál sem koma upp hverju sinni og hafa áhrif á afkomu fyrirtækisins þegar upp er staðið.

### STÓRBÆTT AFKOMA BYGGINGA-VERKTAKANS

Góð stjórnun leiðir ótvírætt til betri afkomu fyrirtækja í byggingariðnaði. Tökum sem dæmi verktakafyrirtæki með um 30 starfsmenn (bæði fastráðna og í undirverktöku) sem fékk 226 milljóna króna verkefni sem átti að ljúka á fjórum mánuðum. Þó að fyrirtækinu tækist að skila verkinu á tilsettum tíma varð hagnaðurinn nánast



enginn eða aðeins um 185 þúsund krónur (sjá töflu A).

Við skulum því staldra aðeins við og skoða þetta dæmi betur. Reiknum að með

## Blikksmiðir eflast í gæðastjórnun

Blikksmiði og pípulagnir voru fyrstu starfsgreinar innan SI sem tóku þátt í átaki um eflingu gæðastjórnunar meðal félagsmanna sinna. Á þeim tíma var kerfið í mótun og má segja að þeir, sem þá tóku þátt í átakinu, hafi átt sinn þátt í smíði þess. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og öll aðkoma að tölvuhluta gæðakerfisins er orðin myndrænni en áður og þeim blikksmiðjum, sem þess óska, stendur til boða ný útfærsla af uppbyggingu gæðahandbókarinnar.

Hin nýja útfærsla er lögð að gæðahandbókum annarra starfsgreina og hefur töluvert annað yfirbragð þar sem hvert einstakt skjal hefur afmarkaðri þýðingu en áður. Kerfinu hefur verið skipt upp í fjóra áfanga og í þeim fyrsta er lögð áhersla á traust verklag og samskipti milli verkkaupa og verktaka en ekki síður milli



aðal- og undirverktaka. Nú á að vera auðveldara fyrir lítil fyrirtæki að sníða sér stakk eftir vexti og leggja áherslu á það sem mestu máli skiptir hverju sinni.

Í framhaldi af kynningu á þessum endurbótum var fyrirtækjum, sem eru með eldri útfærslur af kerfinu, boðið að sækja eins dags námskeið endurgjaldslaust og nýjum að slást í hópinn. Á námskeiðinu var farið yfir lyklatríði kerfisins og helstu breytingar sem það hefur tekið. Auk þess var farið í saumana á ýmsum

áhrifum gæðastjórnunar hefði fyrirtækið náð 1% betri nýtingu á tíma stjórnenda og starfsfólks í umræddu verkefni (1% jafngildir aðeins um 6 mínútum á dag á hvern starfsmann). Eitt prósent er ekki beint metnaðarfullt markmið en ágætis dæmi um hversu lítið þarf til að hafa áhrif á afkomu fyrirtækisins. Þessi bætta nýting á tíma hefði leitt til aukinnar framleiðni og verkinu hefði lokið fyrr en ella. Fyrirtækið hefði jafnframt getað hafið framkvæmdir fyrr við næsta verkefni og þar með aukið veltuna sem því nemur. Með auknum verkefnum og tilheyrandi framlegð stórbatnar afkoma fyrirtækisins, framreiknað út þá fjóra mánuði sem um ræðir (sjá töflu B), og hagnaðurinn yrði um 1.400 þúsund krónur.

En árangur af gæðastarfi veltur ævinlega á metnaði hvers og eins. Við skulum því að gamni reikna dæmið áfram og gefa okkur aðeins metnaðarfyllri forsendur. Segjum að verktakanum hefði tekist að bæta nýtingu á tíma stjórnenda og starfsfólks um 10% á þessu fjögurra mánaða tímabili (10% jafngildir um 60 mínútum á dag). Með því að nýta tímann betur og bæta vinnubrögð hefði framleiðni og framlegð aukist og efniskostnaður lækkað um tvö prósentustig á tímabilinu (sjá töflu C). Að gefnum þessum forsendum hefði

þáttum sem vert er að leggja áherslu á til að ná góðum árangri í rekstri.

Þeim fyrirtækjum, sem þess óska, verður síðan boðið að fá úttekt og viðurkenningu á hverjum áfanga fyrir sig. Sú viðurkenning er vottun SI á að viðeigandi áfangi gæðakerfisins hjá viðkomandi fyrirtækjum sé trúverðugur og í daglegri notkun. Úttektin fer framvegis fram einu sinni á ári til að staðfesta áframhaldandi trúverðuleika góðrar stjórnunar.

Í litlum fyrirtækjum getur verið nægilegt að leggja eingöngu áherslu á fyrsta áfangann sem, eins og áður segir fram, byggist á að halda uppi góðum samskiptum við verkkaupa t.d. varðandi aukaverk og breytingar.

Þeir, sem eru með eldri útgáfur af kerfinu en gátu ekki sótt námskeiðið að þessu sinni námskeiðinu svo og þeir, sem ekki hafa verið með áður en vilja hefja uppbyggingu gæðastjórnunar, ættu að hafa samband við undirritaðan sem fyrst.

*Ferdinand Hansen*

fyrirtækið, í lok fjórða mánaðar, reiknast með rösklega 17 milljón króna hagnað.

#### LÍKA FYRIR EINYRKJA OG LÍTIL FYRIRTÆKI

Gæðastjórnun á erindi við einyrkja jafnt sem stórfyrirtæki. Sömu grundvallarlögmál gilda fyrir báða – þótt umfangið sé mismikið. Fyrirtæki, sem taka að sér stór verkefni þar sem krafa er gerð um gæðakerfi, munu gera sömu kröfu til undirvertaka sem ráðnir eru til verksins. Það þýðir að einyrkjar og lítil fyrirtæki þurfa í auknum mæli að tileinka sér gæðavitund og taka í notkun lítil sérsniðin gæðakerfi sem svara kröfum markaðarins.

#### ÁRANGURINN SMITANDI

Með gæðastjórnun minnka líkurnar á mistökum og óhöppum og þar með óþarfa kostnaði sem nánast undantekningalaust dregst frá hagnaði fyrirtækisins. En árangurinn er ekki einungis mælanlegur í bókhaldi fyrirtækisins, í launaumslagi starfsmannsins eða í auknum frítíma stjórnenda og starfsfólks. Aukin gæði leiða af sér betri mannvirki, íbúðabyggingar og atvinnuhúsnæði, minni áföll, meiri skilvirkni, bætt vinnubrögð í faginu, meiri tíma til rannsókn- og vörupróunar í greininni og betri samskipti við umsagnaraðila, s.s. skipulags- og byggingaryfirvöld, Vinnueftirlitið, Brunamálastofnun, hönnuði, birgja o.fl. Meiri samvinna skapast milli ólíkra starfsgreina og svo mætti lengi telja.

#### INNLEIÐING GÆÐASTJÓRNUNAR STENDUR FÉLAGSMÖNNUM SI TIL BOÐA

Samtök iðnadarins bjóða félagsmönnum ráðgjöf í gæðastjórnun, greiningu á þörf viðkomandi fyrir gæðakerfi og námskeið um innleiðingu gæðavitundar fyrir stjórnendur og starfsfólk fyrirtækisins. Mikil áhersla er lögð á að sem flestir félagsmenn innan SI innleiði gæðastjórnun í rekstri sínum enda til mikils að vinna eins og dæmin hafa sannað. Gæðastjórnun og gæðakerfi eru komin til að vera og aðrar starfsaðferðir deyja drottnei sínum. Lögmál markaðarins mun sjá til þess á komandi misserum.

*Brynjar Ragnarsson og Ferdinand Hansen.*

## Ríkisvæðing upp- lýsingatæknideilda

Stjórn Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja hefur sett sem forgangsmál að spyrna við ríkisvæðingu upplýsingatæknideilda en undanfarin misseri hefur hið opinbera haft tilhneigingu til að byggja upp deildir eða stofnanir sem annast ýmiss konar tölvurekstur og hugbúnaðargerð. Nú þegar hafa verið gerðar athugasemdir við nokkur tilvik.

#### SAMKEPPNISLEG MISMUNUN

SÍH hafa lengi mótmælt þessari þróun enda eru slíkar deildir oft í beinni samkeppni við einkafyrirtæki og oft á tíðum er þar um samkeppnislega mismunun að ræða vegna skattalegra aðstæðna. Einnig er hætta á að sú þróun og þekkingaruppbygging, sem á sér stað innan þessara opinberu deilda, skili sér ekki til einkafyrirtækjanna í harðri samkeppni á innlendum og erlendum mörkuðum.

*Guðmundur Ásmundsson*

## Sögulegar heimildir um verksmiðjuíðnað

Um þessar mundir er Svavar Hávarðsson, sagnfræðingur, að skrifa Sögu verksmiðjuíðnaðar í ritröðinni Safn til iðnsögu Íslendinga.

Gera má ráð fyrir að heimildir um slík iðnfyrirtæki sé víða að finna í forum félagsmanna Samtakanna. Hafi ekki verið haft samband við einhverja þeirra, sem kunna að hafa slíkar heimildir eða myndefni frá því fyrir árið 1980 undir höndum eða vita hvar slíkt er að finna, eru þeir vinsamlega bednir að hafa samband við Þóru Ólafsdóttur hjá SI í síma 511 5555 eða Svavar Hávarðsson á netfangi 698-4404@tal.is eða í síma 698 4404.

# Málm- og vélsmiðjur á Austfjörðum búa sig undir nýja tíma

Málm- og vélsmiðjur á Austurlandi eru þegar farnar að huga alvarlega að undirbúningi fyrir væntanlegar framkvæmdir í stóriðjumálum á Austfjörðum. Jafnframt er farið að leiða hugann að möguleikum málmíðnaðarins á svæðinu til að taka að sér ýmiss konar verkefni, sem til falla, ef áætlanir um rekstur álvers ganga eftir.

Fyrsta skrefið á þessari braut var stigið á dögnum þegar fulltrúar nokkurra austfirskra málm- og vélsmiðja héldu í kynnisferð til Suð-Vesturlands en SI skipulögðu ferðina. Heimsóknin hófst á Akranesi þar sem Austfirðingarnir hittu starfsfélaga úr greininni. Skagamenn greindu frá því hvernig sambylíð við stóriðjufyrirtæki í Hvalfirði hefði gengið, allt frá því að framkvæmdir hófust við að byggja þau upp og þar til nú þegar rekstur er kominn á fullan skrið. Gestirnir spurðu fjölda spurninga og kom margt gagnlegt fram sem nýtist þeim vel þegar og ef svipuð aðstaða skapast austanlands.

Þessu næst var álverksmiðja Norðuráls á Grundartanga skoðuð og rétt ítarlega við

heimamenn um rekstur, viðhald og uppbygginguna, sem enn stendur yfir, svo og samskipti við málm- og vélsmiðjur í nágrenninu.

Síðari dag heimsóknarinnar fræddust Austfirðingarnir um starf Samtakanna í málefnum gæðaeftirlits og þá þjónustu sem aðildarfyrirtækjum býðst í þeim efnum. Fram kom að fyrstu skref í að koma upp gæðastjórnun gætu verið góð byrjun á þróun samstarfs smiðjanna fyrir austan til að takast á við mun stærri verkefni en þau hafa unnið að hingað til.

Að lokum var heimsótt álverið í Straumsvík þar sem gestirnir kynntust enn betur gangverkinu í slíkri starfsemi og hvað muni bíða málmsmiðja á Austfjörðum ef sams konar rekstur verður settur þar á fót. Óhætt er að fullyrða með kynnisferðinni stigu austfirskar málm- og vélsmiðjur mikilvægt skref í þá átt að búa sig undir nýja tíma og ný tækifæri í heimabyggð.

*Ingólfur Sverrisson*



## Fundur forystumanna UNICE í Stokkhólmi

Forsetaráð samtaka atvinnulífsins í Evrópu (UNICE) hittist í Stokkhólmi 8. júní síðastliðinn.

Þar samþykktu ráðið ályktun þar sem fram komu þau áhersluatriði sem atvinnurekendur telja að hafa eigi forgang á aðalfundi ESB ríkjanna í Gautaborg um miðjan þennan mánuð.

UNICE leggur áherslu á að löguð verði samkeppnisstaða evrópskra fyrirtækja til að auka sjálfbæran hagvöxt. Það verði m.a. gert með því að hvetja frumkvöðla, beita aðhaldi í opinberum fjármálum, halda áfram að stækka ESB og stuðla að jafnvægi í mótun heilðstæðrar stefnu í efnahags-, félags- og umhverfismálum. Þá leggur forsetaráðið til að áfram verði tryggð góð samskipti ESB og Bandaríkjanna og að stefnt verði að því að ná víðtækum árangri í næstu samningalotu WTO. Þá var lagt til að ríkisstjórnir aðildarríkjanna standi fyrir kynningarátaki til að tryggja að innleiðing evru mynta og seðla á næsta ári takist vel.

Sjá nánar á vefsetri si.is

## Staða Fræðsluráðs hótél- og matvælagreina

Á aðalfundi Fræðsluráðs hótél- og matvælagreina, sem haldinn var fyrir skömmu, kom fram að reksturinn hefði verið erfiður á síðasta starfsári. Félagsmenn töluðu opinskátt um að FHM væri í tilvistarkreppu. Vilji er til að snúa rekstrinum við og hefja sókn.

Samtök iðnaðarins eiga aðild að starfsemi Fræðsluráðs hótél- og matvælagreina (FHM) með svipuðu sniði og að Fræðsluráði málmíðnaðarins, Menntafélagi byggingariðnaðarins og Prenttæknistofnun. SI og Samtök ferðarþjónustunnar skipa fjóra fulltrúa atvinnurekenda í stjórn, eða hið eiginlega fræðsluráð, en ýmis félög launa-



fólks í hótél- og matvælagreinum skipa aðra fjóra.

Stofninn í rekstri FHM, eins og í öðrum fræðslustofnunum iðnaðarins, er símenntagjald sem fyrirtæki og iðnaðarmenn í greininni greiða.

Starfsemi FHM hefur af ýmsum ástæðum gengið erfiðlega síðustu misseri. Undanfarið ár hefur FHM verið framkvæmdastjóraust. Gerð var tilraun með að kaupa ýmsa þjónust af Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins, m.a. varðandi svokallaða umsýslusamninga við menntamálaráðuneytið. Sú tilraun gekk ekki upp.

Á aðalfundinum kom fram að jafnt og

þétt hefur dregið úr endur- og símenntun hjá FHM. Námskeiðum hefur fækkað og tekjur af þeim lækkað. Innheimta símenntagjaldsins, sem á að standa að hluta til undir rekstri námskeiðanna, hefur hins vegar aukist.

Á aðalfundinum gerðu atvinnurekenda-fulltrúar FHM kröfu til þess að rekstri Fræðsluráðsins yrði snúið við hið snarasta. Skipuð var ný stjórn sem næsta árið verður undir forustu fulltrúa atvinnurekenda. Vonir standa til þess að rekstur batni og þjónusta aukist á komandi starfsári.

*Ingí Bogi Bogason*



# Leiðir til að mæta sívaxandi kröfum um endurnýtingu og endurvinnslu

## - frumvarp til laga um úrvinnslugjald

Í ársbyrjun í fyrra skipaði umhverfisráðherra nefnd sem almennt gekk undir nafninu Stenúr nefndin. Nefndinni var m.a. falið að koma með tillögur um bættu nýtingu úrgangsefna og hvernig beita mætti hagrænum hvötum til að auka hana og þannig draga úr förgun úrgangs. Starfshópurinn vann greinargerð um málið og skilaði af sér drögum að frumvarpi sem gerir ráð fyrir beitt sé sömu hagrænu aðferðum til að ná settum markmiðum eins og lögfestar hafa verið við endurvinnslu, endurnýtingu eða förgun spilliefna og einnota drykkjarvöruumbúða. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi en ekki afgreitt þaðan. Unnið verður að málinu í sumar með það fyrir augum að það verði afgreitt á haustþingi.

### ÞJÓNUSTUGJÖLD

Aðferðin byggist á því að gjald er innheimt við innflutning viðkomandi vöru og við sölu á samsvarandi innlendri framleiðslu. Hagsmunaaðilar fara með umsýslu sjóðsins sem á að standa undir kostnaði við endurvinnslu, endurnýtingu og förgun þess úrgangs sem af viðkomandi vöru stafar þannig að tekjur og gjöld fyrir hvern vörflokk standist á. Fyrirtæki og atvinnugreinar geta gert frjálst samkomulag um endurnýtingu á tilteknum vörum. Staðfesti ráðherra slíka samninga eru viðkomandi vörur undanþegnar gjaldi.

### KRÖFUR UM ENDURNÝTINGU

Á undanförunum misserum og árum hefur ESB sett ýmsar gerðir varðandi úrgangsmál og aðrar eru í burðarliðnum. Má í þessu sambandi nefna urðunartilskipun, brennslutilskipun og tilskipun um umbúðir og rafgeyma og rafhlöður. Unnið er að tilskipun um bílflök, rafeindabúnað og fleira

Í urðunartilskipun er kveðið á um að eftir 16. júlí nk. megi ekki urða heila hjólbarða og ekki tættu eftir 16. júlí nk. Í umbúareglugerð er kveðið á um tímamörk varðandi endurnýtingu og endurvinnslu tiltekins magns umbúða. 1. júlí nk. skal því

marki náð að 50-65% umbúðaúrgangs verði endurnýtt og 25-45% endurunnin, þar af minnst 15% af hverri tegund umbúðaefnis.

Þó að frumvarpið um úrvinnslugjald hafi ekki náð fram að ganga standa þessar kröfur eftir sem áður og því mjög brýnt að ná sem fyrst samstöðu um hvernig eigi að mæta þeim.

### ÁBYRGÐ SELJANDA EÐA FRAMLEIDANDA

Erlendis hefur víða verið lögð lagaleg skylda á herðar atvinnurekendum um að taka til baka vöruafganga og umbúðir utan af vörum, notendum að kostnaðarlausu. Þetta flokkast undir seljanda- eða framleiðandaábyrgð. Brugðist hefur verið við með þeim hætti að viðkomandi atvinnurekendur hafa stofnað með sér félög sem yfirtaka lagalega skyldu atvinnurekenda í þessum efnum. Það fer þannig fram að viðkomandi atvinnurekendur greiða sjálfviljugir tiltekið gjald í sameiginlegan

sjóð sem standa á undir förgun á viðkomandi úrgangi. Félagið, sem hefur yfirtekið lagalegar skyldur atvinnurekenda, fer með umsýslu þessa sjóðs en hann stendur undir þeim kostnaði sem stafar af endurvinnslu, endurnýtingu eða förgun úrgangsins þannig að tekjur og gjöld standist á. Reynslan sýnir að ókostur þessarar leiðar er fölginn í því að sumir atvinnurekendur koma sér undan því að greiða sitt framlag á kostnað hinna (free riders).

Hér á landi hefur náðst samkomulag sem síðar var lögfest um förgun spilliefna á þann hátt að gjald hefur verið lagt á vöruna við innflutning eða framleiðslu sem stendur undir förgun þeirra spilliefna sem af vörunni leiðir. Sambærileg leið hefur verið lögfest fyrir tiltekna einnota drykkjarvöruumbúðir. Til að tryggja að allir leggi sitt af mörkum sér innheimta ríkissjóðs um innheimtu gjaldsins af innfluttum vörum við tollafgreiðslu vörunnar. Það kemur síðan í hlut löggjafans að búa starfseminni lagalegt umhverfi en nefnd skipuð hagsmunaaðilum sér um framkvæmd laganna.

Ólafur Kjartansson



## Aðalfundur Staðlaráðs

Aðalfundur Staðlaráðs var haldinn í byrjun maí. Í skýrslu fráfarandi formanns, Friðriks Sigurðssonar, kom m.a. fram að nokkurt tap varð á rekstrinum þótt gripið hefði verið til ýmissa ráða til að bæta hann en þær aðgerðir eiga að skila sér í betri afkomu á næstu árum.

Kynnt var nýtt merki ráðsins og hugmyndin að baki þess. Merkið á að endurspeglar að staðlar séu fyrir fólk en einnig þá þjónustu sem Staðlaráð veitir og standa vonir til að merkið festist í sessi og verði þekkt tákn fyrir það starf sem Staðlaráð stendur fyrir.

Víglundur Þorsteinsson, fulltrúi Samtaka atvinnulífsins, var kjörinn formaður Staðlaráðs í stað Friðriks Sigurðssonar sem verið hafði formaður ráðsins í 6 ár en hann gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Friðriki voru þökkúð vel unnin störf í þágu Staðlaráðsins.



Víglundur Þorsteinsson nýr formaður Staðlaráðs

Þóra Kristín Jónsdóttir




# MATAR TÍMINN

markaðstorg

Samtök iðnaðarins og um 30 íslenskir framleiðendur matvæla og efnavöru innan SI efndu til kynningar miðvikudaginn 16. maí sl. á hráefnum og afurðum fyrir innkaupa- og framreiðsluadila stóreldhúsa, mótuneyta skóla og vinnustaða, skipa og útgerðarfyrirtækja, hótela, veitinga- og gistihúsa og fulltrúa í ferðaþjónustu á Íslandi. Fjöldi gesta sótti kynninguna, sem bar yfirskriftina „MATARTÍMINN – markaðstorg“ en hún fór fram í veislu- salnum Gullteigi á Grand Hótel Reykjavík.

Þátttakendur voru: A.R.K., Árbak, Bakaríð Korníð, Freyja, Goði, Grillíð, Gæðafæði, Heilsukostur, Iðnmark, Júbó matvælaíðja, Kaffitár, Kexsmíðjan, Kjarnavörur, Kornax, Landssamband



Íslenskt öðru fremur: Kex, snúðar, Muffins, smákökur, vinarbrauð og tebollur frá Kexsmíðjunni



Þar voru kynntar nýjar kaffitegundir s.s. Morgundög en einnig súkkulaðihiúðaðar kaffibaunir, DaVinci s.



Primus, nýr orkudrykkur frá Mjólkursamlagi Ísfríðinga, kom sterkur inn



Ummm, ostafylltar jús- og ufsarúllur frá Ráillum ehf.



ORA síld og brognaafurðir komu skemmtilega á óvart



Nýjungar SS í pylsum og kjötafurðum vöktu verðskuldaða ath.



Gæðaálegg og kjötafurðir frá Gæðafæði








g og Sólarglöd  
tráp og sásur



Alltaf góður. Goði kynnti nýjung í kjötafurdum: Gourmet-, Dijon- og Koniaks- ofnsteikur og Godasteikur



Þú færð fleira en hveiti hjá Kornax




Bráðsníðugir drykkjarbarir með mjólk og appelsínusafa ásamt Efstirlati og Skyris voru meðal nýjunga sem Mjólkursamsalan í Reykjavík kynnti



Vippur – ískekstangir fyrir bátel, veitingabús o.fl. Nýjung frá Freyju



Stjörnusnack Íðnmarks



ngli



Veislubakkarnir frá Jumbó



Nýju salötin frá Grillinu í Hafnarfirði vöktu athygli

bakameistara, Mjólkursamlag Ísafirðinga, Mjólkursamsalan í Reykjavík, Niðursuðuverksmiðjan ORA, O. Johnson & Kaaber, Osta- og smjörsalan, Pottagaldrar, Rúllur, Samtök iðnaðarins, SS - Sláturfélag Suðurlands, Verksmiðjan Sámur, Vogabær og Ömmubakstur.

Það er yfirlýst stefna íslensks matvæla-, drykkjar- og efnaiðnaðar að leggja áherslu á nýsköpunar- og þróunarstarf með hliðsjón af þörfum og kröfum markaðarins. Á hverju ári koma fram nýjar lausnir og nýjungar sem svar við kröfum fagmanna og er MATARTÍMINN - markaðstorg vettvangur fyrirtækja til að kynna slíkt í bland við hefðbundin matvæli og vörur sem einnig eru á almennum neyten-damarkaði.

Gera má ráð fyrir að MATARTÍMINN - markaðstorg verði endurtekið að ári á vegum SI. Frekari upplýsingar veitir Ragnheiður Héðinsdóttir í síma 511-5555 en einnig er tekið við fyrirspurnum á matur@si.is.

Brynjar Ragnarsson



Galdurinn liggur í kryddinu frá Pottagöldrum

Vilkó-grautar, deig og vöfllur, Fríski fríski, Mömmu-sultur o.fl. frá OJK



Lifrarþylsa, kartöflur, brauð, tólg, kæfa o.fl. frá Heilsukostum í Hveragerði

**Viðtal við Ingvar Kristinsson, framkvæmdastjóra GoPro Landsteina**

# GoPro Landsteinar meðal 500 framsæknustu í Evrópu

Nýlega var greint frá því að fyrirtækið GoPro Landsteinar hefði komist í hóp 500 framsæknustu frumkvöðlafyrirtækja í Evrópu. Fyrirtækið hafnaði þar í 16. sæti. GoPro Landsteinar varð stærsta hugbúnaðarfyrirtæki hér á landi með sameiningu Hugvits hf. og Landsteina í október á liðnu ári en þau komust bæði á lista 500 framsæknustu fyrirtækja í Evrópu

fyrir á því ári. Starfsmenn GoPro Landsteina eru um 570 og um helmingur þeirra starfar í dótturfyrirtækjum erlendis. Fyrir á þessu ári hlaut fyrirtækið Útflutningsverðlaun forseta Íslands fyrir góðan árangur í markaðsfærslu hugbúnaðarlausna og uppbyggingu á þjónustuneti sínu erlendis.

## VERDLAUN ERU HVETJANDI OG VEKJA ATHYGLI

Af þessu tilefni var Ingvar Kristinsson, framkvæmdastjóri GoPro - Landsteina, spurður hvaða þýðingu slík viðurkenning hefði fyrir fyrirtækið.

„Öll svona verðlaun koma sér vel. Við höfum fengið þó nokkrar viðurkenningar og þær hafa hjálpað okkur. Þær vekja mikla athygli erlendis, oft meiri en á Íslandi. Hér heima eru verðlaun af þessu tagi einkum góð fyrir ímyndina. Það eru fleiri sem þekkja fyrirtækið en áður og þau eru því góð auglýsing en auk þess felst í þeim hvatning til að gera enn betur.“

## VÖRUMERKIÐ VARIÐ MEÐ KJAFTI OG KLÓM

Vörumerkið GoPro er skráð í Bandaríkjunum og Evrópu og að sögn Ingvars eru allar vörur fyrirtækja GoPro Landsteina kynntar undir því merki. Etlendis er mikið lagt upp úr að fyrirtæki hafi vörumerki og það hefur tekið fjögur ár að fá það skráð. Þegar fyrirtækið tók að kynna vörur sínar erlendis vantaði gott nafn á þær. Eftir mikla yfirlegu varð þetta niðurstaðan og að sögn Ingvars hefur gengið ótrúlega vel að fá það skráð. Reyndar hefur verið sótt að því úr ýmsum áttum að undanförunu og þurft hefur að andmæla skráningu vörumerkja, sem hljóma nánast eins, um það bil einu sinni í mánuði. „Það er kostnaðarsamt að standa í slíku en við höfum varið það með kjafti og klóm frá því að það fékkst skráð árið 1998.“

## VELGENGNIN FÓLGIN Í STARFSFÓLKINU

Það stendur ekki á svari þegar Ingvar er spurður í hverju velgengni fyrirtækisins sé fyrst og fremst fólgin. „Það er alveg sama



hvernig á það er lítið. Styrkur svona fyrirtækis byggist á starfsfólkinu og þeim krafti sem í því býr.“ Undanfarnir tvö ár hefur gengið vel að ráða fólk til starfa en fyrir þann tíma var nánast barist um hvern mann. „Þetta reyndist mörgum fyrirtækjum erfitt og mörg þeirra buðu há laun en eru e.t.v. að súpa seyðið af því núna. Við tókum ekki þátt í þeim slag og hlupum ekki eftir ýrtruðu launakröfum. Hins vegar hefur ástandið lagast mjög mikið síðustu mánuði en einkum vegna þess að mesta spennan er farin af markaðinum.“

## AUKIN VERKEFNI ERLENDIS

Helmingur verkefna GoPro Landsteina er fyrir erlenda viðskiptavinum. Fyrirtækið hefur fært út kvíarnar jafnt og þétt og sér fram á að um 75% starfsmenninnar fari fram erlendis áður en langt um líður. Útrásin hófst í Danmörku og þar starfa nú 130 manns á vegum fyrirtækisins. Í Svíþjóð starfa 110 en mun færri í Þýskalandi og

Bretlandi en í báðum þessum löndum eru mörg ónýtt tækifæri að sögn Ingvars. Bretar eru sú þjóð sem kaupir langmesta upplýsingatækni í Evrópu eða jafnmikið og Þjóðverjar og Frakkar til samans,“ segir Ingvar. GoPro Landsteinar hafa ætlað sér þrjú ár í hverju landi til að ná þeim árangri að verða leiðandi á viðkomandi markaði. „Við höfum haft þann hátt á að ljúka verkefnum í einu landi og leita svo á ný mið.“

## NÝJAR LAUSNIR ÞRÓAÐAR Á ÍSLANDI

Ingvar segir að GoPro Landsteinar leggi mesta áherslu á að framleiða staðlaðan hugbúnað annars vegar og sérhæfða ráðgjöf og kennslu hins vegar. „Við þróum allar nýjar lausnir hér á landi. Vaxtarbroddurinn fyrir nýjungar er hér og við leggjum af stað með alla nýja þróun hér. Sá hugbúnaður, sem við seljum erlendis, verður til hér heima. Að þeirri þróunarvinnu stendur 25 manna hópur sem vinnur eingöngu að því að þróa og viðhalda kjarnakerfum okkar.“

## STEFNT Á VERÐBRÉFAMARKAÐ

GoPro Landsteinar stefna að því að hefja undirbúning að skráningu fyrirtækisins á verðbréfamarkað í lok þessa árs. Fyrirtækið hyggur á frekari sókn á erlenda markaði og væntir þess að vöxturinn geti orðið eins hraður og verið hefur til þessa. Þannig má allt eins búast við að það verði fastagestur á lista 500 framsæknustu fyrirtækja Evrópu næstu árin.

*Dóra Kristín Jónsdóttir*

## Sóknarfæri íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja liggja í örmarkaðinum hér heima

Veltan í upplýsingatekniönaðinum var um 62 milljarðar á síðasta ári en það er 17% aukning frá árinu á undan og störfum hefur fjölgað um 400 milli ára 1999 en þá fóru fyrirtæki að netvæðast að sögn Ingvars segir Ingvar Kristinsson, formaður Sambands íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja. „Háskólinn í Reykjavík brautskráði fyrstu nemendur sína á árunum 1998–99 og þá opnaðist flóðgátt. Mörg fyrirtæki í hugbúnaðargeiranum voru stofnuð á þessum árum eftir nokkurt logn þar á undan og krónum á bak við hvert starf fjölgaði mikið.“

### MIKILVÆGT AÐ SÆKJA FRAM Á ERLENDUM MÖRKUÐUM

Ingvar segir að það sem skilji á milli feigs og ófeigs, þeirra sem lífa og hinna sem lenda í hremmingum, sé hvort fyrirtækin hafi búið til vöru. Þeir sem það hafa gert geta sótt fram á erlendum mörkuðum en reynst hefur mjög erfitt að hasla sér völl erlendis með því að bjóða þjónustu eingöngu. „Sóknarfæri okkar liggja í örmarkaðinum hér heima, þ.e. nálægðinni við viðskiptavinina og hér er öll flóran þótt lítil sé. Hér er fjölbreytnin fyrir hendi ef við fáum tækifæri til að vinna með fyrirtækjum og stofnunum að hugbúnaðarlausnum. Síðan er það okkar hlutverk að selja þær erlendis en þá þarf rásin að vera fyrir hendi. Það kaupir enginn hugbúnaðarlausn frá Íslandi nema hafa félagi sér við hlið. Við verðum að hafa samstarfsaðila erlendis í nálægð við viðskiptavininn. Hann kaupir þjónustuna og sér um hin beinu tengsl við viðskiptavininn en við þjónustum hann. Við getum aldrei náð allri kökunni en reynum að fá eins stóran bita og unnt er. Við þurfum að ná þeim hluta sem fólgin er í vörupróuninni og skapa þannig verðmætustu störfina á Íslandi og það hefur nokkrum íslenskum fyrirtækjum tekist,“ segir Ingvar.

### REKSTRARUMHVERFI

#### HUGBÚNAÐARFYRIRTÆKJA FER BATNANDI

Ingvar bendir á að margt hafi breyst til batnaðar undanfarin 5 til 10 ár annars fengjust hugbúnaðarfyrirtækin við allt önnur verkefni en nú er. „Framboð á menntun hefur aukist, samkeppni ríkir á mörgum sviðum og skattaumhverfið er í stöðugri þróun. Rekstrarumhverfið hér þarf þó að vera jafngott ef ekki betra en annars staðar. Okkur skortir m.a. alþjóðlegt laga, reglu- og fjármálaumhverfi og réttlátara samkeppnisumhverfi. Lækka þarf skatta á fyrirtækjum og fella niður gjöld

eins og stimpilgjöld og vörugjöld en ef marka má orð forsætisráðherra er lækkan skatta á fyrirtæki innan seilingar. Ef það gengur eftir jafnast skattalegt umhverfi okkar á við það sem best þekkest. Ef íslensk fyrirtæki, sem eru í alþjóðlegu umhverfi fengju tækifæri til að halda bókhald sitt og skrá hlutabréf sín í erlendri mynt væri mikill sigur unninn og gera þarf tvísköttunarsamninga við miklu fleiri ríki. Síðast en ekki síst þarf að lækka fjármagnskostnað.

### ÍSLENSKA KRÓNAN HINDRUN Í

#### ALÞJÓÐAUMHVERFI

Ingvar segir að vaxtastigið hér á landi sé orðið svo hátt að fyrirtæki leggi ekki í fjárfestingu um þessar mundir. Það há fyrirtækjum að fá ekki nægilegt fjármagn. Íslenski fjármálmarkaðurinn sé ungur og ekki langt frá því að menn fóru að skiptast á hlutabréfum. Það sé að vísu jákvætt en íslenska krónan sé veik og smæð markaðarins sé honum fjötur um fót. „Ef við fengjum að nota erlendan gjaldeyri bæði í viðskiptum með hlutabréf og fjármálaumsýslu, eins og menn hafa mestan áhuga á, þá væri stór hindrun úr vegi. Þá væri ekki lengur fyrirstaða fyrir erlenda fjárfesta að koma hingað inn. Íslenska krónan er mikill þröskuldur þegar fyrirtæki sækja inn á erlendan markað. Afleiðingin er sú að æ stærri hluti starfsemi slíkra fyrirtækja færast til útlanda og sum flytja hana jafnvel alveg úr landi.“

### LEGGJA ÞARF MEIRI ÁHERSLU Á RAUNGREINAR Á ÖLLUM SKÓLASTIGUM

Ingvar segir að menntakerfið þurfi að vera í takt við hátækniyrirtækin. Starfsemin byggist öll á þekkingu og ef hún er ekki fyrir hendi sé hætta á að fjari undan þessum iðnaði. „Við þurfum einkum fólk með háskólamenntun til að standa undir þróunarvinnunni.“ Ingvar telur að leggja

þurfi áherslu á stærðfræði á öllum skólastigum og að fá fleiri stúdenta inn í háskólana í verk-, tækni- og tölvunarfræði því að öll þessi fræði byggjast á stærðfræði, eðlis og efnafræði. „Það er mikil synd hvað við förum illa með tíma barna okkar í skólakerfinu,“ segir Ingvar. Þau geti vel tekist á við fleiri og meira krefjandi verkefni. Grunn- og framhaldsskólanám sé hvort um sig ári of langt. Með styttingu þess komist stúdentar fyrir út í atvinnulífið, á þeim aldri sem krafturinn og hugmyndaflugið er hvað virkast.

### BRÝNT AÐ DRAGA ÚR RÍKISVÆÐINGU

Ingvar segir eitt brýnasta hagsmunamál hugbúnaðarfyrirtækja sé að dregið verði úr ríkisvæðingu, þ.e. að ríkið sé ekki að stofna fyrirtæki í samkeppni við hugbúnaðarfyrirtækin. „Þegar slíkt gerist fáum við ekki að takast á við verkefni og umbreyta áhugaverðum lausnum í vörur sem unnt væri að selja á erlendum mörkuðum. Í mörgum opinberum stofnunum, bönkum og tryggingafyrirtækjum eru starfandi tölvudeildir sem framleiða hugbúnaðar fyrirtækin. Því miður sinnir ríkisskattstjóri ekki starfi sínu við innheimtu virðisaukaskatts af þessari starfsemi eins og lög kveða á um.“

### STYRKUR FÓLGINN Í LITLU EN FJÖLBREYTTU SAMFÉLAGI

Að sögn Ingvars hafa mörg erlend fyrirtæki áhuga á að flytja hluta af starfsemi sinni hingað og nýta sér hið fjölbreytta umhverfi sem hér er að finna og taka þátt í þróunarvinnu í samstarfi við íslensk hugbúnaðarfyrirtæki ef tiltekna forsendur væru fyrir hendi. Það þykir kostur að þróast í litlu umhverfi eins og hér er að finna og hér er stutt í allar áttir. Örmarkaðurinn er okkar styrkur, að mati Ingvars. „Við erum í mikilli nálægð við viðskiptavininn, tilbúin að prófa eitthvað nýtt og hér er öll flóra fyrirtækja og stofnana. Með því að nýta okkur þetta umhverfi getum við þróað lausnir margfalt hraðar og öruggar en í stóru samfélagi. Þessu megum við ekki glata,“ segir Ingvar Kristinsson.

*Dóra Kristín Jónsdóttir*

# Norðurlandaráðstefna Xplor International

Xplor International, sem er samtök þeirra sem vinna með gögn og gagnavinnslu í víðasta skilningi, hélt ráðstefnu hér á landi 18. maí. Svipaðar ráðstefnur eru haldnar árlega á öllum Norðurlöndum. Þar bera menn saman bækur sínar og gefst tækifæri til að kynna því nýjasta sem er að gerast í iðnaðinum.

Fastafélagar í samtökunum eru 6 þúsund en 14 þúsund manns sóttu síðustu alþjóðaráðstefnu Xplor sem haldin var í nóvember. Nýlega var stofnuð Íslandsdeild Xplor sem miklar vonir eru bundnar við.

Fyrirlesarar á ráðstefnunni komu úr ýmsum áttum og fjölluðu um hvaðeina sem snertir gögn og gagnavinnslu. Þeirra á meðal voru bandarískir fyrirlesarar sem gáfu innsýn í þá tækni sem nú er notuð til að dreifa upplýsingum með hefðbundinni og stafrænni prentun og hvernig sumt af því flyst yfir á þráðlaus samskipti. Þeir lögðu áherslu á að sérhvert fyrirtæki verði að símennta starfsmenn í sína til að geta mætt hinni nýju tækni og þörfum viðskiptavinarins.

Þórður V. Friðgeirsson hjá IMG útskýrði hvað fór úrskeiðis í nýja hagkerfinu og benti á að Netið skapaði ekki tekjur heldur tækifæri til að afla tekna og að forðast bæri oftrú og fjárfestingar í fyrirtækjum því tengdu.

Jóhann Kristjánsson hjá Skýrr fjallaði um öryggi á veraldarvefnum og þá aðferðafræði sem VeriSign beitir til að auka traust og öryggi í rafrænum viðskiptum.



Erwin Busselot, Wolfgang Michlmayr, Gestur Traustason og Guðjón Sigurðsson



Ráðstefningestir bera saman bækur sínar

Hann gat þess að styrkur VeriSign fælist í framúrskarandi þjónustu, skuldbundnu langtímasamstarfi og hversu einfalt það væri í uppsetningu.

Ennfremur var fjallað um framtíð prentunar, þ.á.m. þá möguleika sem bjóðast

með stafrænni prentun og hvernig höndla skal breytingar í hátækniveröld. Sagt var frá rafrænni prentun, prentun og rafrænum viðskiptum. Áætlað er að árið 2005 verði notendur Netsins orðnir 766 milljónir, þar af 170 milljónir í Vestur-

## Nýsköpun fyrirtækja í Evrópu í

**Miðvikudaginn 6. júní sl. stóðu Samtök iðnaðarins og Rannsóknarráð fyrir fundi um stuðning Evrópusambandsins við nýsköpunarstarf lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Á fundinum voru annars vegar ræddir þeir kostir sem fyrirtækjum bjóðast innan 5. rammaáætlunarinnar sem nú er í gildi en hins vegar kynntar þær breytingar sem eru fyrirsjáanlegar í næstu rammaáætlun sem hefst um áramótin 2002-2003.**

Sú áætlun, sem nú er í gildi og sérstaklega er ætluð litlum og meðalstórum fyrirtækjum, gengur í daglegu tali undir nafninu CRAFT (Cooperative Research Action for Technology) og byggist á því að þrjú eða fleiri lítil og meðalstór fyrirtæki frá að minnsta kosti tveimur Evrópulöndum sameinast um að takast á við tæknilegt vandamál og kaupa til þess þjónustu af rannsóknastofnun eða háskóla með fjárstuðningi Evrópusambandsins. Þessi verkefni eru í eðli sínu frekar smá og taka



mið af þörfum einstakra fyrirtækja, þ.e.a.s. þátttakenda í verkefninu.

### NÝR FLOKKUR VERKEFNA FYRIR LÍTIL OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

Á fundinum greindi Robert-Jan Smits, framkvæmdastjóri CRAFT hjá ESB, frá því að í næstu rammaáætlun er ekki aðeins áformað að halda CRAFT í mjög áþektri mynd og nú er, heldur er einnig gert ráð fyrir að taka upp nýjan styrkjaflokk sem ætlað er að koma litlum og meðalstórum fyrirtækjum til góða. Sá flokkur kallast "Collective Research" (hugtakið hefur ekki enn hlotið heiti á íslensku) og miðast við að Evrópusamtök tiltekinna iðngreina eða landssamtök iðngreina í tveimur eða fleiri löndum fái stuðning til að efla nýsköpun og tækniþróun fyrir viðkomandi grein í heild og njóti til þess fulltingis rannsóknastofnana og háskóla í viðkomandi grein. Þarna reynir augljóslega á frumkvæði og framsýni samtaka í atvinnulífi á borð við Samtök iðnaðarins o.fl. Dæmi sem



# 2001

## Viðurkenning veitt fyrir framtak í þágu raungreina



Bill McDaniel, Sólveig Hjaltadóttir, Íslandspósti og Benedikta Jónsdóttir Formprent

Evrópu.

Næsta alþjóðaráðstefna Xplor verður haldin í Orlando í lok október. Sjá nánari umfjöllun um ráðstefnu Xplor á vefsetri Samtaka iðnaðarins si.is

Þóra Kristín Jónsdóttir



## nútið og framtíð

Robert-Jan nefndi um verkefni sem gætu fallið undir Collective Research eru: Að taka upp nýja tækni í heilli iðngrein, að koma á starfsreglum í tilteknum greinum þar sem reglur hefur vantað, verkefni sem varða starfsumhverfi o.fl. Gert er ráð fyrir að þessi verkefni verði bæði stærri og taki lengri tíma en hefðbundin CRAFT-verkefni.

Farið er að síga á seinni hluta 5. rammaáætlunarinnar. Næsti lokadagur til að skila umsóknum í CRAFT er 19. sept. nk. Það er nægur tími til að vinna umsókn. Þar-næst er skiladagur 16. jan 2002 en lokaskiladagur CRAFT í 5. rammaáætlun-inni er 17. apríl 2002. Undir lokin má búast við að ásóknin verði meiri en peningarnir farnir að minnka. Því eru þeir sem eru að velta CRAFT fyrir sér hvattir til að hafa hraðan á.

Nánari upplýsingar gefa Ragnheiður Héðinsdóttir, Samtökum iðnaðarins í síma 511 5555 og Hörður Jónsson og Grímur Kjartansson hjá Rannís í síma 515 5800.

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, afhenti viðurkenninguna við hátíðlega athöfn í Kennaraháskóla Íslands. Í máli sínu greindi ráðherra frá störfum þeirra sem viðurkenningu hlutu.

Anna Kristjánsdóttir lauk kandidatsprófi frá Danmarks lærerhøjskole. Fræðasvið hennar er stærðfræðimenntun en auk þess hefur hún unnið að stórum verkefnum á sviði upplýsingatekni. Anna hefur um áratugaskeið verið virk í að auka hróður stærðfræðinnar gegnum innlent og erlent samstarf. Mönnum er t.d. í fersku minni fjöldi greina sem hún ritaði í Morgunblaðið í fyrra vegna árs stærðfræðinnar. Hagsmunafélagið metur hve ötullega Anna hefur unnið að framgangi stærðfræðinnar í skólum og á opinberum vettvangi.

Ari Ólafsson er doktor í tilraunaæðlisfræði frá Kaupmannahafnarháskóla og Meyvant Þórólfsson lauk kennaraprófi og síðar framhaldsnámi frá Kennaraháskóla Íslands. Ari og Meyvant hafa unnið, bæði í samstarfi og hvor í sínu lagi, að nokkrum

verkefnum til að styrkja stöðu raunvísinda og stærðfræði í skólakerfinu. Verk þeirra hafa bæði beinst að því að efla kennslu á þessum sviðum og að auka áhuga ungs fólks á raunvísindanámi og störfum á sviði raunvísinda. Þeir hafa einnig staðið fyrir námskeiðum fyrir grunnskólakennara, heimsóknum grunnskólanema til eðlisfræðiskorar HÍ, kynningum á fyrirtækjum og stofnunum á sviði raunvísinda og ráðgjöf til svonefndra móðurskóla í náttúruvísindum.

Hagsmunafélagið álitur þessi verkefni Ara og Meyvants afar þörf. Skortur á kennslutækjum í eðlisfræði og takmörkuð þjálfun kennara á sviði raungreina hefur hamlað mörgum grunnskólum. Í viðleitni til að verkefni Ara og Meyvants megi vaxa mun Hagsmunafélagið á næstunni bjóða fyrirtækjum að styrkja einstaka skóla til kaupa á búnaði til verklegrar kennslu í eðlisfræði.

Ingi Bogi Bogason

## Velta í UT-iðnaði jókst um 17%

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagstofnun nam velta í UT-iðnaði tæpum 62 milljörðum króna á síðasta ári ef notuð er skilgreining á iðnaðinum sem er að finna á ut.is, vefsetri upplýsingatækniðnaðar. Veltan hefur því aukist um rúm 17% frá árinu á undan.

Samkvæmt skilgreiningunni skiptist UT-iðnaður annars vegar í UT-framleiðslu og hins vegar í UT-þjónustu. Þjónustan skiptist svo í heildsölu á UT-búnaði, síma- og fjarskiptaþjónustu og hugbúnaðargerð og ráðgjöf. Frá árinu 1999 hefur velta aukist í öllum flokkum UT-iðnaðar. Árið 2000 var velta UT-iðnaðar í framleiðslu rúmur milljarður sem er um 7% aukning. Í heildsölu nam hún tæplega 26 milljörðum sem er um 12% aukning og í síma- og fjarskiptaþjónustu um 19 milljörðum sem er 23% aukning en í hugbúnaðargerð og ráðgjöf var veltan tæpir 16 milljarðar en það er um 22% aukning frá fyrra ári.

### STARFSMÖNNUM FJÖLGÆÐ UM HELMING Á 6 ÁRUM

Milli árunna 1999 – 2000 fjölgaði störfum í hugbúnaðargerð og ráðgjöf um 400 skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Fjöldi starfa í öðrum flokkum UT-iðnaðar á síðasta ári er svipaður og árið áður en þess ber þó að geta að upplýsingar Hagstofu um störf þessara ára eru byggðar á áætlunum. Alls störfuðu um 4.900 manns í UT-iðnaði á síðasta ári samkvæmt áætluninni en það er um 9% fjölgun frá árinu áður. Störfum í UT-iðnaði hefur fjölgað mikið undanfarin ár og eru orðin tvöfalt fleiri en var árið 1994.

Á síðasta ári námu útflutningstekjur UT-fyrirtækja 2,4 milljörðum króna, skv. árlegri könnun Seðlabanka Íslands. Könnunin byggist á svörum 62 fyrirtækja í hugbúnaðargerð og ráðgjöf. Þetta er rúmlega 8% aukning frá árinu 1999 en útflutningstekjur slíkra fyrirtækja hafa þó farið minnkandi sem hlutfall af veltu undanfarin ár. Skýringin er að hluta til sú að UT-fyrirtæki hafa í auknum mæli flutt hluta starfsemi sinnar úr landi en könnun Seðlabankans nær ekki til fjárfestinga og starfsemi fyrirtækja erlendis.

*Guðmundur Ásmundsson*

## Ný námskrá í málm- og véltækni

Í lok maí staðfesti Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, nýja námskrá í málm- og véltækni greinum og tekur hún gildi frá og með næsta skólaári. Með þessari staðfestingu lýkur áralöngu starfi við viðtæka endurskiplagningu alls iðnnáms í málmiðnaðargreinum.

Hér er um að ræða námskrá fyrir sam-eiginlegt fyrrihlutanám í fjórar annir og síðan sérnám í 5. og 6. önn fyrir eftirtaldar greinar: blikksmiði, rennismiði, stálsmiði og vélvirkjun. Auk þess er nú verið að leggja lokahönd á fimmtu greinina sem er málsuda. Hún verður miðuð við alþjóðlegar hæfniskröfur og tekur styttri tíma en fyrrnefndar greinar.

Með útgáfu námskrár fyrir málmgreinarnar er sá hluti námsins, sem fram

fer í skólum, fastmótaður til framtíðar en eftir er síðari hlutinn sem fram fer á vinnustöðunum og tekur 15 mánuði. Nú stendur sem hæst endurskiplagning þessa hluta námsins og kemur á annan tugur manna úr atvinnulífinu að því verki en því lýkur innan árs.

Hagsmunaaðilar í málmiðnaði ásamt menntamálaráðuneytinu hafa lagt mikinn metnað í að öll þessi endurskiplagning muni á næstu árum og áratugum skila sér í góðum og hæfum starfsmönnum sem standast ströngustu kröfur í alþjóðlegri samkeppni. Það er lykillinn að því að nýta megi öll þau miklu tækifæri sem fyrir liggja um arðvænlega framleiðslu og þjónustu í málmiðnaði. Þetta er grundvöllur þess að þegnar hvers þjóðfélags fái notið bestu lífskjara.

*Ingólfur Sverrisson*

## Gagnkvæm meistara réttindi í Noregi og á Íslandi



**Fundur um gagnkvæm meistara réttindi norskra og íslenskra iðnmeistara fór fram Reykjavík í lok maí. Fundinn sátu m.a. fulltrúar norskra og íslenskra iðnmeistara og ráðuneyta menntamála og iðnaðar. Til fundarins var einnig boðið fulltrúum allra íslenskra framhaldsskóla sem mennta iðnaðarmenn hér á landi.**

Á fundinum voru kynntir helstu þættir meistarakerfa á báðum löndunum. Þar kom m.a. fram að í Noregi eru 240 lög-giltar iðngreinar þar sem menn geta aflað sér meistara réttinda. Meistaránámið tekur tvö ár en áður en iðnsveinar geta hafið námið verða þeir að hafa tveggja ára starfsreynslu að baki. Auk þess er áskilið að þeir hafi tileinkað sér grunnþekkingu á tölvur.

Námið skiptist í eftirfarandi þætti: Skiplagning og stjórnun  
Fjármálastjórn  
Markaðsfræði  
Lög og reglugerðir  
Hverjum áfanga lýkur með prófi. Að því loknu verður námið meira fagtengt og snertir m.a. framleiðslu, tilbodsgerð, launa-

mál, afhendingu framkvæmda, rekstur eigna og viðhald. Þeim áfanga lýkur einnig með munnlegu og skriflegu prófi.

Fundarmenn voru sammála um að ekki þurfi að breyta miklu til að unnt verði að veita norskum og íslenskum meisturum gagnkvæm réttindi og að sögn standa ráðuneyti, sem hafa málefni iðnmeistara á sinni könnu, ekki í vegi fyrir því að svo megi verða. Hins vegar þurfi samtök meistarara í hvoru landi að samþykkja slíkt.

Talsverður áhugi er á að halda málinu vakandi og annar fundur þar að lútandi er fyrirhugaður í haust. Kristján Karlsson, framkvæmdastjóri Menntafélags byggingariðnaðarins, verður í sambandi við Rolf Kristiansen, formann norsku meistarabréfsnefndarinnar.

Til fróðleiks má geta þess að hér á landi á iðnnám undir högg að sækja þar sem einungis 15% framhaldsskólanema hefja nám í iðngreinum. Í Noregi er hlutfallið 30 – 35% en þar telja menn að það þyrfti að vera 40 – 50%. Í Þýskalandi er hlutfallið hins vegar 70 – 75% en það þykir heldur hátt að mati sérfróðra.

*Guðmundur Þór Sigurðsson*



# Iðnaðurinn gæti nýtt þjónustu Nýsköpunarsjóðs betur

Á síðasta ári náðist fram breyting á lögum og reglugerðum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og samkomulagi um starfsemi Vöruþróunar- og markaðsdeildar (VÖMA) í átt að þeim hugmyndum sem SI höfðu lagt til. Með breytingunum er ljóst að unnt er að auka fjölbreytni í þjónustu sjóðsins og eigið fé VÖMA mun duga í allt að 8-9 ár en ekki þrjú ár eins og annars hefði orðið. SI eiga einn fulltrúa af fimm í stjórn NSA en tvo af þremur í verkefnisstjórn VÖMA.

## AUKIN FJÖLBREYTNÍ Í ÞJÓNUSTU

Þjónusta Nýsköpunarsjóðs skiptist nú í fimm svið og kemur fjöldi umsókna, afgreiðsla og umsvif fram í eftirfarandi töflu:

Þjónustusvið NSA	Umsóknir	Samþykkt	Upphæð m. kr.
Fjárfestingar í formi hlutfjár	137	32	723
Áhættulán	132	52	185
Verkefnafjármögnun stofnsjóðs og VÖMA	57	21	108
Vöruþróunar- og markaðsdeild	42	23	15
Tryggingardeild útflutningslána	6	2	

Á síðasta ári bárust Stofnsjóði NSA 137 umsóknir vegna fjárfestingarþátttöku en 89 árið áður. Hér er því um töluvert meiri aðsókn að ræða en áður, en áhættuvilji fjármagnsmarkaðarins hefur minnkað. Samþykkt var að taka þátt í 32 verkefnum en 63 synjað, 32 var vísað annað eða hætt við en um áramót voru 10 umsóknir enn í skoðun. Samtals var ráðstafað 723 m. kr. til fjárfestingarverkefna samanborið við 623,5 m. kr. árið áður.

## ÁHÆTTULÁN Í STAÐ BEINNA STYRKJA

Árið 1999 var að tillögu SI tekin upp ný þjónusta hjá NSA – áhættulán. Eftirspurn eftir áhættulánum jókst á síðasta ári í alls 132 beiðnir miðað við 105 árið áður. Um áramót höfðu 52 erindi verið samþykkt, 46 synjað en 20 verið vísað frá eða dregin til baka. Veitt voru lánsloforð á síðasta ári að fjárhæð 236,6 m. kr. en þar af voru afgreiddar 185 m. kr. Til samanburðar voru lánsloforð 146,4 m. kr. árið 1999.

Ljóst er að þessi þáttur í starfsemi sjóðsins tekur í vaxandi mæli við af beinum styrkjum. Áhættulánum hafa þann kost umfram styrkina að nýta fjármagnið oftast en einu sinni. Þau eru hugsuð til fjármögnunar á vöruþróunar- og markaðsverkefnum og taka vextirnir mið af áhættu. Ekki er krafist fasteignaveðs heldur er tekið veð í verkefninu sjálfu eða samið um breytirétt í hlutafé ef við á.

## FJÖLMÖRG ÁTAKS- OG SAMSTARFS-VERKEFNI STOFNSJÓÐS OG VÖMA

Á síðasta ári ráðstafaði Stofnsjóður 54 m. kr. í styrki til átaks- og samstarfsverkefna, en jafnstórt framlag kom frá VÖMA eða samtals um 108 m. kr. SI koma að mörgum þessara verkefna. Sem dæmi má nefna samstarfsvettvang á sviði sjávarútvegs- og heilbrigðistækni og átaksverkefni

á vegum Iðntæknistofnunar og Útflutningsráðs.

Auk framangreindar samfjármögnunar með Stofnsjóði veitti Vöruþróunar- og markaðsdeildin á síðasta ári 15 m. kr. í beina styrki til fyrirtækja, fyrirtækjahópa og félaga. Dregið hefur úr beinum styrkjum til fyrirtækja með tilkomu áhættulána Stofnsjóðs. VÖMA tekur hins vegar þátt í áhættunni til jafns við Stofnsjóð og leggur til hliðar fjármuni til að mæta þessari áhættu. Verkefnisstjórn VÖMA tekur þátt í að meta allar umsóknir um áhættulán.

## IÐNAÐURINN GÆTI NÝTT SÉR ÞJÓNUSTU SJÓÐSINS BETUR

Samtök iðnaðarins telja fulla ástæðu til að hvetja iðnfyrirtæki til að nýta sér þjónustu Nýsköpunarsjóðs betur því að alltaf er rúm fyrir góð verkefni. Þá er enn hægt að sækja um styrki í góð átaks- og samstarfsverkefni fyrirtækja beint til VÖMA svo og til þeirra skilgreindu átaks-

og samstarfsverkefna sem unnið er að.

Einnig er ljóst að fyrirtæki í útflutningi eru ekki að nýta sér sem skyldi þjónustu Tryggingadeildar útflutningslána sem veitir ábyrgðir vegna útflutningsverkefna.

*David Láðvíksson*

## Meirihluti vill taka upp evru og ESB viðræður

Meirihluti þeirra, sem tóku afstöðu í nýrri könnun Pricewaterhouse-Coopers, vildi að tekin yrði upp evra í stað krónu. Þá vildi meirihluti þátttakenda einnig að teknar verði upp aðildarviðræður við Evrópusambandið.

Í könnuninni, sem birt var á Stöð 2, kom fram að 64,2% þeirra sem tóku afstöðu vildu að hafnar verði viðræður um aðild að ESB en 35,8% voru því andvígir. Þá vildu 53,2% þeirra, sem afstöðu tóku, leggja niður krónuna og taka upp evru.

Könnunin var gerð í byrjun maí og var úrtakið 1.200 manns á aldrinum 18-75 ára. Mestur stuðningur við aðildarviðræður var í aldurshópnum 30-49 ára og meiri stuðningur var meðal íbúa á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni. Karlar voru almennt hlynntari evru en konur.

Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár hvatt til ESB viðræðna og lagt til að evran verði tekin upp í stað krónu. Þetta kemur m.a. fram í leiðara Íslensks iðnaðar í maí og grein Þorsteins Þorgeirssonar hagfræðings SI um evruna í þessu og síðasta blaði. Þá segir einnig í ályktun stjórnar Samtakanna um efnahagsmál að upptaka „evrunnar myndi leiða til varanlegri stöðugleika í samkeppnisgrundvelli íslenskra fyrirtækja og treysta forsendur þess að hagvöxtur og lífskjör í landinu haldist há og sjálfbær.“

Niðurstöður þessarar könnunar eru ennfremur í samræmi við niðurstöður könnunar, sem Gallup gerði fyrir Samtök iðnaðarins í ágúst í fyrra, þar sem fram kom að meirihluti landsmanna og stjórnenda fyrirtækja í SI taldi að aðild að ESB hefði góð áhrif á efnahaginn í heild. Það er því greinilegt að sjónarmið SI njóta vaxandi fylgis meðal þjóðarinnar.

*Haraldur Dean Nelson*

# Mjólkursamsalan hlýtur umhverfisviðurkenningu



Umhverfisviðurkenning Reykjavíkurborgar var veitt í fimmta sinn 5. júní sl. í Höfða á umhverfisdegi Sameinuðu þjóðanna. Mjólkursamsalan hlaut viðurkenninguna að þessu sinni en fyrirtækið Umslag ehf. hlaut einnig tilnefningu.

Áður hafa hlotið viðurkenninguna: Prentsmiðjan Oddi, Ólíuverslun Íslands, Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins og Hjá Guðjóni Ó, prentsmiðja.

Umsjón með umhverfisviðurkenningunni hefur Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur sem skipaði starfshóp til að sjá um framkvæmdina. Við val sitt á Mjólkursamsölunni studdist starfshópurinn við eftirfarandi:

\* Fyrirtækið hefur skjalfesta umhverfis-

stefnu sem það framfylgir með markvissum hætti og mikilli vinnu.

- \* Fyrirtækið hefur komið á fót umhverfisstjórnun framleiðslu sinnar með innra eftirliti og starfsreglum.
- \* Fyrirtækið hefur þróað vistvæna vöru sem það framleiðir með vistvænum framleiðsluferlum.
- \* Fyrirtækið hefur sýnt framtak við að lágmarka úrgang frá starfsemi sinni og gert sér far um að flokka úrgang og koma honum til endurvinnslu.
- \* Fyrirtækið hefur gert átak til að draga úr mengun frá starfsemi sinni.
- \* Fyrirtækið hefur einsett sér að vakta áhrifin sem reksturinn hefur á umhverfið.
- \* Fyrirtækið vill stuðla að aukinni umhverfisvitund starfsmanna sinna.

Í greinargerð starfshópsins fyrir valinu segir enn fremur:

„Mjólkursamsalan hefur verið í fararbroddi umhverfismála í matvælaíðnaði og haft þá stefnu að umhverfismál verði meðal forgangsverkefna í rekstri fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur sett sér þau markmið að selja og dreifa heilnæmum mjólkurvörum til neytenda og rækja hlutverk sitt sem mikilvægur hlekkur frá hreinni náttúru til hreinna afurða. Það vill starfa í sátt við náttúruna og leita allra leiða til að starfsemi þess raski umhverfinu sem minnst. Fyrirtækið gerir sér grein fyrir þeim áhrifum sem rekstur þess kann að hafa á umhverfið.“

Samtök iðnaðarins óska Mjólkursamsölunni til hamingju með viðurkenninguna og Umslagi ehf. með tilnefninguna.

## SI og SÍA mótmæla sameiginlega innheimtu höfundargjalda

Samtök iðnaðarins (SI), fyrir hönd starfsgreinahóps SI í prenti, og Samband íslenskra auglýsingastofa (SÍA) hafa sent menntamálaráðherra sameiginlegt bréf þar sem farið er fram á að reglugerð um innheimtu höfundargjalda verði felld úr gildi.

Í bréfinu kemur m.a. fram að SI og SÍA telja að hér sé um hættulegt fordæmi að ræða og engin ástæða til að ætla annað en að aðrir sigli í kjölfarið og fari fram á skatt af þessu tagi. Þar segir enn fremur að reglugerðin sé tímaskekkja og geri fyrirfram ráð fyrir að menn misnoti þá vöru



sem þeir kaupa og hún sé í hróplegu ósamræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um að lækka skatta á fyrirtæki. Engin skynsemi virðist í því að taka þennan vöruflokk út sérstaklega og skattleggja vegna hugsanlegrar misnotkunar.

Bent er á að gjaldið komi einkum við fyrirtæki í prent- og grafískum iðnaði með þrennum hætti; vegna álagningar gjalds á geisladiska, segulbönd og geislabrennara. Þessi aðföng eru nauðsynlegur hluti af

starfsemi fyrirtækjanna en framleiðslu þeirra er í flestum tilvikum komið til viðskiptavina með því að nota geislabrennara til að skrifa efnið á geisladiska. Þá eru afrit eru varðveitt á segulböndum og geisladiskum.

Einnig kemur fram í bréfinu að árleg gjaldtaka vegna reglugerðarinnar geti numið tugum milljóna króna á greinar eins og prent, auglýsingagerð og hugbúnað, sem hljóti að teljast framlag þessara greina til tónlistar- og kvikmyndaiðnaðarinnar.

Haraldur Dean Nelson